

Frístundamiðstöðin Tjörnin

Starfsáætlun 2022-2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit:

Inngangur	3
Skipurit Tjarnarinnar.....	4
Hlutverk/leiðarljós/gildi Tjarnarinnar	5
Framtíðarsýn.....	5
Hlutverk	5
Gildi.....	5
Stutt greinargerð framkvæmdastjóra.....	6
Helstu verkefni á árinu	6
Próunarverkefni og áherslur starfsársins.....	9
Samstarf	9
Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinna.....	10
Áskoranir, markmið og aðgerðir.....	12
Frístundamiðstöð	12
Frístundaheimili.....	14
Félagsmiðstöðvar.....	21
Jafnréttisáætlun Tjarnarinnar	25
Lykiltölur Tjarnarinnar	29

Ábyrgðarmaður: Guðrún Kaldal, framkvæmdastjóri Tjarnarinnar
Gefið út haustið 2022
Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur



Inngangur

Starfsáætlun Tjarnarinnar 2022 - 2023 er unnin út frá menntastefnu Reykjavíkurborgar og stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025. Einnig er tekið mið af lögum og reglugerðum varðandi starfið, upplýsingum um þátttöku í starfinu, niðurstöðum kannana um starfið og rannsóknum á stöðu barna og unglunga í hverfinu.

Starfsáætlunin tekur gildi 1. september 2022 og gildir til 31. ágúst 2023 og hægt er að nálgast hana á heimasíðu Tjarnarinnar www.tjornin.is.

Frístundamiðstöðin þjónustar íbúa í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum. Tjörninn tók til starfa 1. ágúst 2016 eftir sameiningu Frostaskjól og Kamps og hefur því sitt sjöunda starfsár haustið 2022.

Frístundamiðstöðin heyrir undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur og rekur félagsmiðstöðvar og frístundaheimili í borgarhlutanum.

Íbúafjöldi í borgarhlutanum var **39.601** skv. þjóðskrá í janúar 2022. Tólf grunnskólar eru í hverfinu og barnafjöldi í 1.- 10. bekk er **4.020**.

Stjórnendateymi er skipað Guðrínu Kaldal, framkvæmdastjóra, Gunnari Hrafni Arnarssyni, fjármálastjóra, Steinunni Gretarsdóttur, deildarstjóra barnastarfs og Andreu Marel deildarstjóra unglungastarfs. Heildarfjöldi starfsmanna er um 180 í 65 stöðugildum.


Frístundaheimili Tjarnarinnar eru Undraland, Skýjaborgir, Selið, Frostheimar, Halastjarnan, Draumaland og Eldflaugin.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru Frosti, 100og1, 105, Gleðibankinn, Hinsegin félagsmiðstöð S78 og Tjarnarinnar sem þjónustar allt höfuðborgarsvæðið og Flotinn, flakkandi félagsmiðstöð heyrir undir Tjörnina en þjónustar alla Reykjavík.

Starfsáætlunarvinna hefst í janúar og er hún unnin í víðtækt samráði við þjónustuþega og starfsmenn. Vorið 2022 var með öðru sniði vegna Covid og því var samráðið að mestu leyti rafrænt þetta árið. Einnig er stuðst við viðhorfskannanir sem lagðar hafa verið fyrir þjónustuþega og starfsmenn og ýmis konar skýrslur sem unnar eru um starfið.

Starfsstaðir frístundamiðstöðvarinnar gera sínar aðgerðaráætlanir út frá þessari starfsáætlun og er hægt að finna þær á heimasíðum starfsstaðanna. Aðgerðaráætlun hvernar starfseiningar er sett upp í svipuðu formi og skóladagatal til að foreldrar og forráðamenn geti fylgst með dagskránni hverju sinni.

Skipurit Tjarnarinnar



Hlutverk/leiðarljós/gildi Tjarnarinnar

Framtíðarsýn

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag.

Hlutverk

Að koma til móts við þarfir ólíkra einstaklinga, stuðla að alhliða þroska þeirra og búa þá undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi sem tekur örum breytingum.

Að sjá um rekstur frístundamiðstöðvarinnar, frístundaheimila og félagsmiðstöðva í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum í takt við lög, reglur og stefnur sem um starfið gilda.

Innleiðing á menntastefnunni heldur áfram á árinu en henni er ætlað að endurspegla grunngildi Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um að menntun barns skuli beinast að því að rækta persónuleika, hæfileika og andlega og líkamlega getu þess með það að markmiði að búa það undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi, í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar.

Tjörnin setur sér það markmið að vera framsækið afl í frístundamálum. Frístundamiðstöðvar leggja áherslu á að börnum og unglingum standi til boða frístundastarf sem hefur uppeldis- og menntunargildi sem tekur mið af aldri þeirra og þroska. Áhersla er lögð á virka þátttöku, reynslunám, lýðræði og mannréttindi. Sérstaklega er hugað að því að virkja einstaklinga sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning vegna fötlunar eða félagslegrar stöðu. Starf á vegum frístundamiðstöðva er í eðli sínu forvarnarstarf þar sem unnið er með viðhorf og atferli barna og unglunga í átt til heilbrigðs lífsstíls og virkni í samfélaginu.

Gildi

- ✓ **Fjölbreytileiki** - með opnum hug opnast dyr!
- ✓ **Umhyggja** - okkur er ekki sama!
- ✓ **Framsækni** - gott getur alltaf orðið betra!

Hver og einn starfsstaður vinnur áfram með þau gildi sem unnin eru í samráði við börn og unglunga.

[Megináherslur menntastefnu:](#)

Félagsfærni
Sjálfsþekking
Læsi
Sköpun
Heilbrigði

[Megináherslur frístundastefnu:](#)

Fjölbreytt og skemmtilegt
Virk þátttaka
Jöfnuður
Forvarnir og lýðheilsa
Fagmennska

[Megináherslur starfsskrár frístundamiðstöðva:](#)

Sjálfmynd
Umhyggja
Félagsfærni
Virki og þátttaka

Stutt greinargerð framkvæmdastjóra

Helstu verkefni á árinu

Starfsárið hófst í lok ágúst og enn vorum við að glíma við covid þannig að það setti strik í reikning haustsins. Dagskrá fyrir börn og unglinga hélt áfram með eins óbreyttu sniði og hægt var en nokkuð bar á forföllum bæði hjá starfsfólki og börnum. Mikill þungi fór í að byggja aftur upp samskiptahæfni og vinna með að bæta líðan barna, unglinga og starfsfólks eftir víðtækar hömlur í samfélaginu. Árin á undina fóru í að finna út úr flóknum útfærslum á starfinu vegna takmarkana var margt sem þurfti að þjálfa upp aftur.

Í janúar 2022 var farið í stjórnkerfisbreytingar sem ganga út á að auka samvinnu þeirra sem koma að uppeldisumhverfi barna og fjölskyldna. Verkefnið hefur hlotið heitið **Betri borg fyrir börn** og áætlað er að færa þjónustu í auknum mæli í skóla- og frístundaumhverfi barna og ungmenna, veita viðeigandi stuðning og þetta samstarf skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Markmiðið er einnig að styðja betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi í borgarhlutum, færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannaúts.

Skrifstofa Tjarnarinnar flutti starfsemi sína í janúar 2022 í sama húsnæði og þjónustumiðstöð borgarhlutans að Laugavegi 77 og tilheyrir nú skóla- og frístundaskrifstofa sem að vinnur náið með velferðarluta þjónustumiðstöðvarinnar. Vesturmiðstöð er nýtt heiti yfir þá miðstöð þar sem velferðarluti borgarhlutans er ásamt skóla- og frístundaskrifstofunni. Í Reykjavík eru nú fimm miðstöðvar, fjórar í borgarhlutunum og ein rafræn miðstöð sem hefur það hlutverk að gera alla ferla og aðkomu íbúa að þjónustu borgarinnar stafrænni. Nánar er hægt að lesa um verkefnið Betri borg fyrir börn hér; <https://reykjavik.is/betri-borg-fyrir-born> .

Ásamt því að innleiða ný lög um farsæld barna verður helsta áherslan áfram á að vinna eftir aðgerðaráætlun **menntastefnu Reykjavíkurborgar**. Margs konar framsækin og skemmtileg verkefni urðu til í gegnum A-hluta styrki þróunarsjóðs menntastefnunnar og allar starfseiningar Tjarnarinnar tóku þátt og innleiddu hæfnipætti menntastefnunnar á síðasta starfsári. Skóla- og frístundasvið bauð upp á vinnustofur í samstarfi við menntasvið Háskóla Íslands sem fengu heitið „Leiðtogi framtíðarinnar er teymi“. Þar fengu stjórnendur leikskóla, grunnskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og frístundamiðstöðva námskeið og markvissa fræðslu í starfsháttum til að innleiða menntastefnuna. Kennt var í fimm ólíkum lotum,

1. Hlutverk stjórnenda í teymisvinnu ólíkra fagstétta: Traust og farsæld í þágu barna.
2. Hlutverk stjórnenda í skipulagi styðjandi menningar: Líkan að markvissri teymisvinnu um nám og velferð barna.
3. Stjórnendateymið sem leiðtogar og fyrirmyndir í að rýna eigið starf.
4. Stjórnendateymið í skóla- og frístundastarfi án aðgreiningar.
5. Möguleikar og áskoranir í teymisvinnu og samstarfi ólíkra fagstétta.

Tjörnin hefur lagt áherslu á hæfnipætti menntastefnunnar er snúa að félags- og tilfinningarhæfni og notað til þess aðferðir jákvæðrar sálfræði með fræðilega tengingu og vísun í rannsóknir. Haustið 2019 fékk starfsfólk góða þjálfun í gegnum verkefnið Vaxandi og hafa því öðlast betri trú á sér sem fagfólk og fengið skýrari verkfæri við að innleiða menntastefnunna. Markmiðið er að þjálfa starfsfólk í því að vinna með félags- og tilfinningahæfni barna og unglinga, aðstoða börn og unglinga við sjálfsefningu, þjálfa þrautseigju, aðstoða þau við að takast

á við kvíða og álag ásamt því að minnka álag á starfsmannahópnum, og tryggja markvissa ráðgjöf og leiðsögn í starfi. Að leggja inn fræðilegan grunn til að allir stjórnendur geti leitt sína starfsstaði og starfsmenn í því að vinna með félags- og tilfinningahæfni barna og unglunga þannig að velferð þeirra og líðan verði betri.

Markmiðið er einnig að vera með langvarandi markvissar aðgerðir sem munu festast í sessi og verða hluti af fagmennskumeningu Tjarnarinnar.

Verkefnið Vaxandi fékk B-hlutastyrk úr þróunarsjóði menntastefnunnar og nú hefur verið lokið við gerð handbókar þar sem hægt er að finna æfingar og þjálfunaráætlun. Við munum klára að kynna handbókina á starfsárinu fyrir allt starfsfólk sem mun fá þjálfun í að vinna eftir hugmyndafræðinni á starfsárinu.

Innleiðingu og framkvæmd **Stefnu um frístundaþjónustu í Reykjavík til 2025** var einnig haldið áfram. Frístundafræðingar munu aftur koma inn í starfið en þó með breyttu sniði en þeir voru ekki starfandi síðasta starfsár.

Öll frístundaheimili og félagsmiðstöðvar hlutu **Regnbogavottun** en sú vottun er staðfesting á því að starfsemi Tjarnarinnar er hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustugega og markmiðið að koma þannig í veg fyrir beina og óbeina mismun í garð hinsegin fólks. Einnig kom inn aukið fjármagn til reksturs Hinsegin félagsmiðstöðvar fyrir unglunga. Í maí tóku um 900 börn í frístundaheimilum Tjarnarinnar þátt í fyrsta Regnbogahlaupi Tjarnarinnar sem fór fram á Ægissíðu. Með hlaupinu vildu þau fagna fjölbreytileikanum og að nú eru allir staðir regnbogavottaðir. Félagsmiðstöðvarnar héldu sína árlegu Hinsegin viku í október og er hún haldið með það að markmiði að auka sýnileika og fagna fjölbreytileika okkar allra.

Farið var í átak í upplýsingastreymi, allir upplýsingapóstar frá frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum eru nú sendir út bæði á íslensku og ensku.

Ein af aðgerðum frístundastefnu var að auka starf félagsmiðstöðanna. Allar félagsmiðstöðvar eru opnar öll föstudagskvöld og opið er fyrir 10- 12 ára tvisvar sinnum í viku. Sérstækt hópstarf festi sig í sessi og félagsmiðstöðvar fyrir alla eru orðnar að veruleika. Margt á þó eftir að vinnast enn eins og bætt húsnæðisaðstaða fyrir starfið. Ungmennaráðið fékk fjármagn til að úthluta til unglunga til verkefna sem þau höfðu áhuga á að láta verða að veruleika. Foreldrasamstarf var eflt í félagsmiðstöðum, aðgengi foreldra að forstöðumönnum hefur aukist og foreldraröltið og að auka það er verkefni sem virðist ganga hægar en vonir voru bundnar við. Í félagsmiðstöðvunum verður áfram áhersla á sérstækt hópstarf og aukinn stuðning.

Deildarstjóri unglingsstarfs hefur haft frumkvæði að samstarfi við opinbera aðila, félagasamtök og foreldra í borgarhlutanum til að bregðast við áhættuhegðun unglunga. **Flotinn**, flakkandi félagsmiðstöð starfaði allan veturinn og við fengum aftur styrk frá barnamálaráðuneytinu til að halda úti starfi Flotans sumarið 2022 en í aðeins minna formi en sumarið 2021. Hlutverk Flotans er að stemma stigu við brotthvarfi unglunga úr skipulögðu frístundastarfi á unglingsárunum, vera til staðar fyrir börn og unglunga og vakta hópamyndum í Reykjavík. Flotinn starfar þvert á borgina og sér um vettvangsstarf í takt við reglur um þjónustu félagsmiðstöðva.

Tjörnin stendur fyrir fjölskyldudagskrá í haustfrí og vetrarfrí grunnskólanna í Reykjavík. Sterk hefð er komin fyrir þeim viðburðum og mæting afar góð.

Tjörninni hefur tekist vel að fá til starfa fagmenntaða tórstunda- og félagsmálafræðinga til að efla fagmennsku en þeir eru nú alls 14.

Starfseiningar Tjarnarinnar í Vesturbæ eru orðnar **Réttindafrístundaheimili/félagsmiðstöð UNICEF** í samstarfi við grunnskólana og fengu fyrir það vottun og viðurkenningu. Það eru frístundaheimilin Undraland, Selið, Skýjaborgir og Frostheimar og félagsmiðstöðin Frosti sem

hafa lokið innleiðingu. Réttindafrístundaheimili/félagsmiðstöð er vinnulíkan fyrir skóla- og frístundastarf sem tekur mið af Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins og miðar að því að auka virðingu, vernd og innleiðingu mannréttinda. Starfsárið 2021-2022 var í gangi innleiðing á réttindafrístund/réttindafélagsmiðstöð í Halastjörnunni og 105 ásamt Háteigsskóla og verður áfram í vetur.

Unnið er eftir verklagi SFS sem kallast **Vinsamlegt samfélag**. Einnig er unnið með vináttufærni í frístundaheimilum en það er aðferðarfræði sem notuð er til að draga úr líkum á að einelti eigi sér stað, að börnin einangrist eða lendi utan við jafningahópinn.

Ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða er öflugt ráð ungmenna. Ráðið er leitt af starfsmönnum Tjarnarinnar. Fulltrúar úr ungmennaráðinu eru hluti af Reykjavíkurráði ungmenna. Samstarf við íbúaráð Vesturbæjar og íbúaráð Miðborgar og Hlíða var að byrja þegar Covid skall á og búið er að tengja ráðin saman. Þróun á því samstarfi heldur áfram í vetur.

Frístundamiðstöðin Tjörnin er hluti af **heilsueflandi borgarhluta** ásamt öðrum starfsstöðvum borgarinnar í Vesturmiðstöð. Frístundamiðstöðin og hennar starfsstaðir hafa skuldbundið sig til að bjóða upp á heilsueflandi frístundastarf og leggja sitt af mörkum í að heilsuefla nærsamfélagið í samstarfi við aðrar stofnanir og félagasamtök í hverfinu. Áhersluþættir samstarfsins eru næring, hreyfing, líðan og lífsstíll. Ný lýðheilsustefna Reykjavíkurborgar verður innleidd á árinu.

Aukin áhersla á **foreldrasamstarf** verður áfram einn af stóru áhersluþáttunum í starfinu. Að ná enn frekar til forelda og forráðamanna. Unnið er eftir gátlistum um foreldrasamstarf og áhersla verður á að kynna starfið vel og hafa upplýsingar aðgengilegar á vef. Foreldrakaffi, foreldrakynningar og foreldraviðtöl eru hluti af starfinu.

Ánægt starfsfólk

Tjörnin leggur mikla áherslu á að kanna líðan starfsfólks og viðhorf til starfsumhverfisins og eru niðurstöðurnar nýttar til umbóta. Reykjavíkurborg kannar árlega viðhorf starfsfólks til vinnuumhverfis. Niðurstöður Tjarnarinnar voru mjög jákvæðar. Starfsfólk bera traust til yfirfólks og upplifa að þau geti haft áhrif á störf sín. Tjörnin varð í 1. sæti í viðhorfskönnun Sameykis og þar með bæði **Stofnun ársins, stór stofnun 2021** og **Fyrirmyndarstofnun 2021**.

Mikil þátttaka og ánægja með starfið

Starfsárið var viðburðarríkt og betur gekk að ráða í stöður í frístundaheimilum en árið áður.

Starfið í borgarhlutanum einkenndist af mikilli þátttöku bæði í vetrar- og sumarstarfi.

Félagsmiðstöðvar Tjarnarinnar eru vel sóttar og 63% mæta vikulega eða oftár í sína félagsmiðstöð ef tekið er meðaltal mætingar í borgarhlutanum úr könnuninni **Ungt fólk**.

Frístundaheimili Tjarnarinnar eru einnig vel sótt en um 85% barna í 1.- 4. bekk eru skráð í frístundaheimili. Þátttaka barna í 1. og 2. bekk er 99%. Viðhorfskönnun foreldra á starfi frístundaheimila var lögð fyrir á vorönn 2021 en könnunin er tekin annað hvert ár og í heildina litið eru 91% foreldra ánægðir með starfið.

Framsækið fagstarf

Starfsfólk Tjarnarinnar hefur sýnt mikinn metnað og fengið marga styrki fyrir fjölbreytt og framsækin þróunarverkefni sem voru í gangi á árinu. Hægt er að skoða verkefnið í kaflanum um áskoranir, markmið og mælingar.

Þróunarverkefni og áherslur starfsársins

Mörg frábær þróunarverkefni verða í gangi á árinu og allir starfsstaðir Tjarnarinnar vinna að lágmarki eitt þróunarverkefni tengt A-hluta áætlun þróunarsjóðs menntastefnunnar. Innleiðing menntastefnunnar og frístundastefnunnar verður í forgrunni og mun vera rauður þráður í gegnum allt starfið.

Stærsta áhersla ársins er að innleiða verkefnið *Betri borg fyrir börn* og flytja stjórnendateymi inn á nýja skóla- og frístundaskrifstofu í Vesturmiðstöð. Það þýðir að bæta þarf aðstöðu starfsfólks Tjarnarinnar sem að vinnur úti í grunnskólunum og kortleggja hvernig samstarfið eigi að aukast börnunum til hagsbóta.

Í mannauðsmálum er lögð áhersla á að upplýsa starfsfólk og fræða um markmið starfsins og láta þau ávallt vera vakandi og spyrja sig af hverju við erum til staðar fyrir börn og unglinga, hvernig vinnum við og hvað gerum við. Við viljum bjóða upp á hvetjandi og heilsueflandi umhverfi fyrir starfsfólk.

Samstarf

Í öllu starfi Tjarnarinnar er lögð áhersla á samstarf. Allar starfseiningar vinna í nánun samstarfi við grunnskólana í sínu hverfi. Mikil hefð er fyrir teymisvinnu milli forstöðumanna frístundaheimila og félagsmiðstöðva og mörg samstarfsverkefni milli starfsstöðva eru ár hvert. Mikil áhersla hefur verið síðustu ár að auka samstarf og upplýsingastreymi til foreldra barna í frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum og verður áfram haldið með þá vinnu.

Samstarf við ráðgjafa í Vesturmiðstöð gott og verður komið í reglubundnara form ár árinu með innleiðingu farsældarlaganna og mun aukast enn frekar með tilkomu nýrrar skóla- og frístundaskrifstofu í sama mannvirki og þjónusta velferðarsviðs.

Varðandi samstarfsáherslur á starfsárinu má skoða nánar í töflum um áherslur og markmið.

Mat á starfsemi frístundamiðstöðvarinnar

Á hvert eru notið gögn til umbóta í starfinu og starfið skoðað út frá mismunandi vinklum. Til þess eru notaðar margs konar aðferðir, rannsóknir, greiningar, innra mat, ytra mat sem liggur fyrir, rýnihópar, barna -og unglingaráð og samtöl. Það er mikilvægt að geta borðið saman niðurstöður milli ára til að sjá hver þróunin er og til að geta brugðist við ástandi. Við setjum hér upp töflu með helstu niðurstöðum sem eru ekki bundnar trúnaði.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu?	Helstu niðurstöður mats:
Viðhorf starfsfólks	Könnun Reykjavíkurborgar Vor 2022	Starfsfólk svarar fyrir sínar starfsstöðvar	Meðaltal allra þátta 4,6/5 Hæft og áhugasamt starfsfólk 4,5/5 Árangursríkir stjórnunarhættir 4,6/5 Starfsánægja 4,7/5 Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi 4,6/5
Innra mat félagsmiðstöðva	Forstöðumenn mátu starfseiningar eftir viðmiðum og vísbendingum. Forstöðumenn vinna eftir gátlistum um menntastefnu og fylla inn rafrænt.	Forstöðumenn félagsmiðstöðva Starfsfólk Unglingar	Að bæta þarf þekkingu almenns starfsfólks á þeim stefnum og áætlunum sem unnið er eftir. Bæta þarf vinnuáætlun starfsfólks. Auka þarf jákvæða endurgjöf til foreldra og unglunga í starfi. Upplýsingar um starfið séu aðgengilegar á fleiri tungumálum á heimasíðu og í öllu upplýsingaefni. Auka samstarf við frístundaheimili þegar börn færast á milli.
Innra mat frístundaheimila og félagsmiðstöðva	Forstöðumenn mátu starfseiningar eftir viðmiðum og vísbendingum.	Forstöðumenn frístundaheimila Starfsfólk Börn	Efla þarf fræðslu til starfsfólks. Uppfæra þarf heimasíður oft. Bæta bókakost á móðurmálum barnanna og hafa móðurmálin í frístundaheimilinu betur sýnileg. Aukin vinna með umhverfisvitund.

	Forstöðumenn vinna eftir gátlistum um menntastefnu og fylla inn rafrænt.		Auka samstarf við félagmiðstöðvar þegar börnin færast á milli.
Starf frístundaheimila	Miðlæg könnun SFS 2021 (tekin annað hvert ár)	Könnun send á úrtak foreldra barna í frístundaheimilum	Foreldrar sem eru almennt ánægðir með frístundaheimilin eru 4,55/5 Foreldrum sem finnst þeir öruggir með barnið sitt eru 4,54/5 Foreldrar sem telja að barni sínu líði vel eru 4,55/5 Foreldrar eru ánægðir með viðmót starfsfólks í samskiptum við barnið eru 4,53/5
Starf félagsmiðstöðva	Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar	Könnun send í Mentor á foreldra barna í 5-10.bekk.	90% ánægð með starf félagsmiðstöðvarinnar. 88% ánægð með upplýsingagjöf til foreldra.
	Opin könnun félagsmiðstöðva Tjarnarinnar	Könnun lögð fyrir börn og unglunga á opnunum og samfélagsmiðlum.	93% ánægð með starf félagsmiðstöðvarinnar. 93% ánægð með starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar. 61% segjast mæta oft eða nánast alltaf í félagsmiðstöðina.
	Miðlæg könnun SFS Vor 2022	Könnun send á foreldra barna og unglunga í almennum félagsmiðstöðvum.	26% foreldra 13-16 ára unglunga segja unglinginn sinn taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi vikulega eða oftar. 28,2% foreldra 13-16 ára unglunga segja unglinginn sinn taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi nokkrum sinnum á önn. 17% foreldra 10-12 ára segja barnið sitt taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi vikulega eða oftar. 29,1% foreldra 10-12 ára segja barnið sitt taka þátt í félagsmiðstöðvastarfi nokkrum sinnum á önn. 85,8% foreldra segjast ánægðir með upplýsingargjöf félagsmiðstöðva.
Rannsókn og greining	R&G leggur könnunina fyrir á landsvísu í febrúar.	Börn og unglingar í 5.-10.bekk í grunnskóla.	Hlutfall unglunga í 8.-10.bekk sem segjast sækja félagsmiðstöð: 46% Vesturbær 71% Miðborg 64% Hlíðar Hlutfall barna í 5.-7.bekk sem segjast sækja félagsmiðstöð (könnun gerð 2021) 32% Vesturbær: 78% Miðborg 47% Hlíðar

Áskoranir, markmið og aðgerðir

Frístundamiðstöð

Pættir	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Fagmennska og samstarf	<p>Aukin seigla</p> <p>Sterkari félags- og tilfinningahæfni</p> <p>Aukin fagmennska</p> <p>Aukið samstarf við grunnskólana og foreldra.</p> <p>Samræma þjónustu fyrir börn og auka aðgengi</p>	<p>Vinna eftir menntstefnu og frístundastefnu.</p> <p>Foreldrasamstarfnánar tiltekið undir deildum.</p> <p>Betri borg fyrir börn</p>	<p>Stjórnendur</p> <p>Stjórnendur</p>	<p>2022-2023</p>	<p>Viðhorfskönnun SFS meðal stjórnenda tengd frístundastefnunni.</p> <p>Spurt um samstarf í könnun.</p> <p>Spurt um gæði fræðslu og þörf á fræðslu.</p> <p>Spurt um samstarf í könnun.</p> <p>Fjöldi verkefna sem að verða til.</p> <p>Fjölgun reglulegra funda með grunnskólum.</p> <p>SFS og VEL munu meta verkefnið BBB.</p>	<p>Aukin vellíðan barna, unglinga sýnileg í skólapúls og R&G könnunum.</p> <p>Aukin vellíðan starfsfólks.</p> <p>Reglulegir fundir með grunnskólum.</p> <p>Minni streita og kvíði meðal barna, unglinga og starfsfólks.</p> <p>Fjölgun tækja og tóla til að nýta í starfinu.</p> <p>Samstarfssamningar milli grunnskóla og frístundastarfs virkir á öllum stöðum.</p> <p>Skóla- og frístundaskrifstofa í Vesturmiðstöð verður til og samstarf í skýrum farvegi.</p> <p>Fastir samráðfundir SFS í borgarhluta með leiks- grunn og frí stjórnendum.</p>
Fagleg forysta	<p>Framsækin stjórnun þar sem stefna, hlutverk og markmið eru skýr.</p> <p>Stjórnendur og starfsfólk leitast stöðugt við að efla starf og bæta árangur.</p> <p>Stjórnun einkennist af jákvæðu viðhorfi og virku upplýsingastreymi.</p>	<p>Vinna eftir menntastefnu og frístundastefnu í öllu starfi.</p> <p>Rými fyrir þróunarverkefni og nýsköpun.</p> <p>Verklaginu Vinsamlegt samfélag fylgt.</p> <p>Heilsueflandi frístundastarf</p>	<p>Stjórnendur</p>	<p>2022-2023</p>	<p>Viðhorfskannanir starfsfólks sem Reykjavíkurborg og Sameyki leggja fyrir ár hvert.</p> <p>Viðhorfskannanir um starfið til þjónustuþega.</p> <p>Nota kannanir til að efla og bæta árangur.</p> <p>Gátlistar um heilsueflandi hverfi lagðir til grundvallar 2x á ári.</p>	<p>Halda sömu ánægju starfsfólks í starfi.</p> <p>Virkar upplýsingasíður fyrir starfsfólk.</p> <p>Minni veikindaföröll og heilbrigðara starfsfólk.</p> <p>Halda í sömu ánægju þjónustuþega með starfið.</p> <p>Mörg framsækin verkefni fari í gang á árinu og séu sýnileg út á við.</p>

	Heilsueflandi og öruggt vinnuumhverfi.					
Hagkvæm nýting fjármagns	Útgjöld allra starfseininga séu innan fjárheimilda miðað við þá þjónustu sem veita á.	Rammar og úthlutun sé ávallt skýr og tilbúin á réttum tíma. Reglulegir fundir fjármálastjóra með stjórnendum.	Stjórnendur	2022-2023	Fjöldi funda með stjórnendum. Skoða ársfjórðungsuppgjör.	Góð nýting fjármagns. Að frávik séu innan við 3% Þekking á qlick sense meðal stjórnenda. Góð innsýn stjórnenda í fjárhagsramma.
Öryggis-verkferlar	Öryggi barna og unglunga sé í fyrirrúmi í starfinu.	Opinskátt gegn ofbeldi , kynna og fylgja verklaginu. Auðkenning starfsmanna.	Stjórnendur	2022-2023	Skoða allar heimasíður og tryggja að verklagið sé þar. Öll börn þekki hvaða leiðir þau geta farið ef þau lenda í ofbeldi. Rýnihópar barna. Merking og auðkenning starfsmanna.	Vel kynntir og skýrir verkferlar. Börn, unglingar og starfsmenn séu örugg í starfi. Allir starfsmenn hafi aðgang að fatnaði. Að á öllum heimasíðum sé verklagið kynnt.
Góður aðbúnaður	Aðstaða, tæki og búnaður sem hæfa fjölbreyttu starfi.	Húsnæðisúttekt allra starfsstaða. Viðhaldsáætlun ár hvert.	Stjórnendur	2022-2023	Árleg úttekt á aðstöðu, tækni og búnaði til að bregðast við þar sem umbóta er þörf. Gott samstarf við opinbera eftirlitsaðila, brunaeftirlit, heilbrigðiseftirlit, vinnueftirlit o.fl.	Að allir starfsstaðir séu í aðstöðu sem að hentar.

Frístundaheimili

Þættir	Markmið	Aðgerðir	Ábyrgð	Tími	Hvernig metið	Viðmið um árangur
Fagmennska og samstarf	Aukið samstarf við foreldra barna frístundaheimilum Tjarnarinnar	Treystum böndin Kynningarfundir að hausti. Foreldraviðtöl 2x á ári. Foreldraviðburðir 3 x á ári. Regluleg upplýsingagjöf um líðan barna í starfinu til foreldra. Samtal við foreldra á reglubundinn hátt.	Forstöðum Deilst.	2022-2023	Innra mat frístundaheimila í janúar. Viðhorfskannanir foreldra. Halda utan um tölur um þátttöku foreldra.	Aukin þátttaka foreldra í starfinu með börnunum. fundum viðburðum foreldraviðtölum í umbóta- og starfsáætlunarvinnu. Aukin þátttaka í foreldraviðtölum um 20%
	Að auðvelda starfsfólki af erlendum uppruna að tileinka sér þann orðaforða sem þau þurfa til að eiga samskipti á íslensku um það sem tengist starfi þeirra í frístundaheimilinu og efla þannig frístundaheimilin sem íslenskt málumhverfi og erlent starfsfólk sem fagmenn.	Íslensk orðtök á frístundaheimili fyrir erlenda starfsmenn - rafrænn orðabanki Halastjarnan	Forstöðu- maður og frístunda- ráðgjafi	2022-2023	Að leitað verði til starfsfólks frístundaheimilisins, bæði íslenskra og erlendra til að finna út hvar mesta vöntunin er. Í kjölfar þess verði settur saman orðalisti sem í lok árs verði birtur rafrænt.	Að til verði nothæfur og gagnlegur orðabanki sem er birtur rafrænt þannig að hann geti nýst öllum erlendu starfsfólki hvar sem er og hvenær sem er. Að dregið verði úr enskunotkun í frístundaheimilinu Að auðveldara sé fyrir börn og starfsfólk að koma inn í íslenskt málumhverfi í frístundaheimilinu

	<p>Að tengja markmið menntastefnu við áþreifanleg verkefni og setja þau í brennidepilinn</p> <p>Að vinna sérstakt kynningarátak til starfsmanna og foreldra þar sem sýnt er hvernig við innleiðum menntastefnuna í fjölbreyttum verkefnum</p>	<p>Mánaðarlegar þemavikur</p> <p>Öll frístundaheimilin Sameiginleg þemavika haldin í hverju frístundaheimili 1x í mánuði frá sept. til maí og undirbúin í samvinnu deildarstjóra og aðst.forstöðumanna</p> <p>Kynnt vel til foreldra í mánudagspóstum og á meðan á vikunni stendur</p>	<p>Forst.menn aðst.forst. menn og deildarstj.</p>	<p>2022 2023</p>	<p>Skrifleg ígrundun tekin saman eftir hverja viku.</p>	<p>Að fjölbreytt úrval verkefna sé í boði í hverri viku</p> <p>Markviss kynning í tölvupóstum og á FB</p> <p>Samstarf á milli frístundaheimila við undirbúning og framkvæmd.</p> <p>Starfsmenn þekki menntastefnu og nýti sér verkfærakistu.</p> <p>Þemavikurnar eru:</p> <p>Sept. – heilsuvika</p> <p>Okt. – vísinda og tilraunavika</p> <p>Nóv. – barnasáttmála og réttindagönguvika</p> <p>Des. – jólamarkaður</p> <p>Jan. – fjölbreytileikavika</p> <p>Feb. – miðlalæsisvika</p> <p>Mars – umhverfisvika</p> <p>Apríl – barnamenningarvika</p> <p>Maí – Regnbogahlaup</p>
